

STARFSÁÆTLUN 2021-2022



Leikskólinn Álfaheiði



Efnisyfirlit – Skólustarf

Inngangur	4
Um leikskólann	4
Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými	4
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	4
Heimsmarkmið	4
Lýðræði og jafnrétti	4
Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur	5
Skólustarfið – aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla	6
Heilbrigði og vellíðan	6
Sköpun og menning	7
Sjálfbærni og vísindi	7
Læsi og samskipti	8
Dagskipulag	8
Menningarviðburðir	9
Kynning á leikskólanum	9
Foreldrasamstarf	10
Stefna og áherslur	10
Foreldraráð	10
Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna	10
Þátttaka forráðamanna í leikskólustarfi	10
Foreldrafélag	10
Starfsmenn	11
Starfsmannastefna	11
Áherslur í samstarfi	11
Samsetning starfsmannahópsins	12
Samstarf við grunnskóla	12
Samstarf við aðra	12
Mat og matsaðferðir	13
Sérkennsla	14
Öryggismál	14
Öryggisnefnd	15
Áfallaráð	15
Mat á skólustarfi og starfsáætlun síðasta starfsárs 2020 –2021	16
Skólustarfið, þema og áherslupættir	16
Barnasáttmáli	16

Heimsmarkmið	17
Námssvið	17
Sköpun og menning	18
Sjálfbærni og vísindi	19
Mat og matsaðferðir	19
Börn	21
Sérkennsla	21
Mat forráðamanna	21
Samsetning starfsmannahópsins.....	22
Mat starfsmanna.....	22
Þróunar- og nýbreytnistarf	23
Skipulagsdagar.....	23
Endur- og símenntun.....	24
Fundir	24
Samstarf.....	24
Þátttaka í rannsóknum	25
Nemar.....	25
Viðhald.....	25
Öryggismál.....	25
Umbótaáætlun skólaársins 2021 –2022	26
Langtíma matsáætlun um innra mat	28
Viðhald	29
Lokaorð.....	30
Umsögn foreldraráðs.....	31

Inngangur

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans.

Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Um leikskólann

Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Álfaheiði tók til starfa 1. desember árið 1990 og er 4 deilda leikskóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma. Í leikskólanum eru samtals 79 börn fá 1- 6 ára. Heildarrými leikskólans er 602 m² þar af er leik- og námsrými 264 m². Leikrými á barn er 3.3 m² og flatarmál lóðar er 3120 m².

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmálinn hefur að geyma 54 greinar sem snúa allar að réttindum barna og eru lykilhugtök hans, *umhyggja, vernd og þátttaka*. Samningurinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu. Leikskólinn hefur unnið með ákveðnar greinar hans síðan 2009. Unnið er með þær greinar sáttmálans sem eru börnunum næst t.d. greinar um nafnið þeirra, heimili og fjölskyldutengsl. Einnig er unnið með greinar um rétt barna til að láta í ljós skoðanir sínar, til hvíldar, jafnréttis og leikja sem og rétt þeirra gegn hvers kyns líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi. Leikskólinn hefur sett sér verklagsreglur til verndar börnum.

SOS Barnaporpin bjóða leikskólum á Íslandi að gerast Sólblómaleikskólar og var Álfaheiði fyrsti leikskólinn sem tók þátt í verkefninu. Um er að ræða samstarfsverkefni milli SOS Barnaporpanna og leikskóla á landinu þar sem leikskólabörnin fræðast m.a. um börn í öðrum löndum ásamt því að leggja sitt af mörkum til að gera heiminn að betri stað fyrir alla. Við styrkjum framfærslu Isabellu, stúlku frá Tansaníu sem er fædd 12.nóvember 2016.

Leikskólinn vinnur að því að verða Réttindaskóli UNICEF með því að byggja upp lýðræðislegt umhverfi og rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi. Kópavogsbær komst í hóp Barnavænna sveitarfélaga í júní 2021 en unnið hefur verið að innleiðingu Barnasáttmálans síðan 2018.


Heimsmarkmið

Kópavogsbær hefur innleitt heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og tökum við þátt í því. Heimsmarkmiðin samstanda af sautján markmiðum sem mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinna efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Kópavogur hefur komið að þróun Vísitölu barnvænna sveitarfélaga með UNICEF og félagsmálaráðuneytinu. Þar er um að ræða vísitölu og mælaborð til að fylgjast með lífsgæðum barna.

Lýðræði og jafnrétti

Í Álfaheiði er unnið með gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Þar eru börn, starfsmenn og foreldrar samstarfsaðilar og talinn er ávinningur fyrir alla að eiga þátt í fjölbreyttu samfélagi óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum og getu. Börnin læra að bera virðingu fyrir

sjálfum sér og öðrum, þróa með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu. Frumkvæði barna er eftt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Börnin eru hvött til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski þeirra leyfir. Þau fá tækifæri til að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sig og umhverfi sitt. Með þátttöku barnanna og ákvörðunartöku í leikskólastarfinu eflum við kærleiksrík samskipti sem byggja á virðingu og lýðræðislegum vinnubrögðum.



Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur

Í leikskólanum er starfað samkvæmt lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá leikskólans. Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum og er talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Áhersla er á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins, náms- og þroskaleið barna.



Álfaheiði vinnur í anda námsefnisins Lífsmenntar (Values based Education). Námsefnið er ávöxtur alþjóðlegs verkefnis sem unnið var í tilefni 50 ára afmælis Sameinuðu þjóðanna árið 1995. Verkefnið fólst í því að beina athygli manna að jákvæðum alheimsgildum undir yfirskriftinni, *deilum gildum okkar til að skapa betri heim* sem Álfaheiði hefur gert að einkunnarorðum sínum. Með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi var lagður grunnur að markmiði og hlutverki lífsmenntakennslunnar. Skólar sem vinna með gildi leggja aðaláherslu á jákvæðni, gleði og kærleiksrík

samskipti. Gildunum er fléttað á fjölbreytilegan hátt inn í námið með það að markmiði að undirbúa nemendur betur undir lífið. Á tveimur elstu deildunum fer bangsi heim með börnunum - foreldrar ræða og svara spurningum með börnum sínum um vináttu, gildi og réttindi barna.



Í leikskólanum er unnið með átta gildi yfir tveggja ára tímabil. Þau eru virðing, samvinna, ábyrgð, þakklæti, friður, kærleikur, umburðarlyndi og hugrekki. Kennarar um allan heim er hvattir til að byggja á ríkri menningararfleið sinni þegar þeir flétta námsefnið og gildin inn í starfið og það hefur starfsfólk leikskólans haft að leiðarljósi.

Við vinnum með forvarnarverkefnið *Vináttu*, frá Barnaheill, sem fellst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag og eiga góð samskipti.

Leikskólinn leggur áherslu á sjálfbærni og umhverfismennt og hefur flaggað Grænfánanum frá 2008 en hann er alþjóðlegt merki um gott umhverfisstarf í skólum.

Skólastarfið – aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2011) eru tilgreindir sex grunnþættir menntunar og eiga þeir að vera sameiginlegt leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun og fléttast inn í starfið. Náms svið leikskóla taka mið af grunnþáttunum og byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum. Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu.

Námssvið leikskóla eru: heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi og læsi og samskipti.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla læra börn um og tileinka sér heilbrigða lífshætti. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf.

Venjubundnar athafnir daglegs lífs í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnanna. Umhyggja og umönnun skipar stóran sess í starfi leikskólans og starfsfólk leggur sig fram um að mynda góð og nán tengsl við börnin og foreldra þeirra. Sjálfsmynd barna mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk, bæði fullorðna og börn.

- Áhersla er lögð á hollt og næringarríkt fæði og góður aðgangur er að vatni á deildum.
- Útivera er að minnsta kosti einu sinni á dag.
- Gönguferðir/skógarferðir a.m.k. einu sinni í viku.
- Íþróttir í íþróttahúsi Digraness einu sinni í viku.
- Öll börn leikskólans fara í hvíld og eiga kyrrláta stund þar sem slakað er á, hlustað er á sögu/rólegra tónlist eða farið í jógaleiki.
- Vináttuverkefnið (Blær) er á öllum deildum leikskólans.

- Umræður og verkefni um líðan og tilfinningar barna.
- Barnabækur um tilfinningar, fjölbreyttar fjölskyldur og alls konar líkama eru lesnar reglulega
- Danskennsla.
- Hjóladaðgar.

Sköpun og menning

Sköpun og menning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, barnamenningu, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Börnunum er gert kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Má þar nefna myndlist, tónlist, leiklist, dans, málrækt og skapandi hugsun.



- Unnið er með fjölbreyttan efnivið bæði úr náttúrunni og endurnýtanlegan.
- Lögð er áhersla á að börnin tjái sig frjálst í myndsköpun og að sköpunargleðin njóti sín.
- Á fagnaðarfundum hittast börn og starfsfólk og eiga góða stund saman.
- Mikið er sungið á deildum, lög sem tengjast árstíðum og því gildi sem unnið er með hverju sinni.
- Íslenskri menningu er viðhaldið með fjölbreyttum hætti.
- Hljóðfæri eru til staðar á deildum.

Sjálfbærni og vísindi

Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli í nútíð og um alla framtíð. Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksþorsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina.

Leikskólinn leggur áherslu á menntun til sjálfbærni en markmiðið með sjálfbærum lifnaðarháttum er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar og annarra þar sem umhverfi, lýðheilsa, lýðræði og jafnrétti er haft að leiðarljósi. Sjálfbærni felur einnig í sér að þekkja, skilja og virða náttúruna og því er mikilvægt að börnin upplifi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar sér til yndisauka.

- Leikskólinn er með umhverfissáttmála - *Okkur þykir vænt um jörðina.*
- Flokkum, endurvinnum og moltum lífrænan úrgang.

- Unnið með verðlausan efnivið.
- Stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúrunni og náttúruvernd.
- Áhersla er lögð á börn upplifi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar sér til yndisauka.
- Leikskólinn tileinkar sér aðferðir og starfshætti umhverfisverndar varðandi almenn innkaup á vörum og matvælum, notkun efna, orku og vatns.
- Ýmis skemmtileg árstíðarbundin verkefni eru í gangi sem börnin taka þátt í og má þar nefna rifs- og sólber tínd og sultuð í leikskólanum og fuglarnir fóðraðir.
- Flóki umhverfisálfurinn okkar minnir okkur á að ganga vel um og vera umhverfisvæn.
- Í hverjum mánuði fara tvö börn af Lundi (deild elstu barnanna) um leikskólann og athuga hversu umhverfisvæn börn og starfsfólk eru á öðrum deildum.
- Börnin fá tækifæri og hvatningu til sjálfshjálpar.
- Vel er hugsað um leikskólann úti og inni og frágangur og snyrtimennska eru í fyrirrúmi.

Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Í leikskóla ber að skapa aðstæður til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum og gefa börnum tækifæri til að endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og starfi. Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu og er hún aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

- Markvisst er unnið með *Tákn með tali* á yngri deildum.
- Unnið er með gildi og er inntaki gildanna fléttað saman við allt starf leikskólans.
- Unnið er með samskipti í öllu skólastarfinu.
- Börnin eru frædd um nokkrar greinar Barnasáttmálans þar sem kemur fram að börn eigi rétt á að eiga fjölskyldu, nafn, heimili, rétt til að hvíla sig, leika sér og tjá skoðanir sínar.
- Allar stundir dagsins eru nýttar til málörvunar og markvisst er boðið upp á leiki og verkefni til að örva hljóðkerfis- og málvitund barnanna.
- Ritmálið er sýnilegt.
- Samverustundir/söngstundir/sögustundir eru einu sinni til tvisvar á dag.
- Lífsmenntastundir.
- Lestrarátakið, *það er gaman að lesa saman*, er í nóvember ár hvert.

Dagskipulag

Daglegt líf í Álfaheiði snýst um velferð og vellíðan barnanna sem þar dvelja. Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi sem þó er sveigjanlegt og er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra og aldri.

Kl. 07:45 - Leikskólinn opnar

Kl. 08:00 - 09:00 Náms og leikur (inni - úti)

Kl. 08:30 - 09:00 Morgunverður

Kl. 09:30 - 11:30 Náms og leikur (inni - úti)

Kl. 11:30 - 12:00 Hádegisverður

Kl. 12:00 - 13:00 Hvíld (lengur hjá yngri börnunum)

Kl. 13:00 - 14:30 Náms og leikur (inni - úti)

Kl. 14:30 - 15:00 Síðdegishressing

Kl. 15:00 - 16:30 Náms og leikur (inni - úti)

Kl. 16:30 - Leikskólinn lokar

Menningarviðburðir

Börnin taka virkan þátt í að móta menningu skólans en kynnast um leið menningu og hefðum íslensks samfélags. Ýmsar hefðir og hátíðir eru viðhafðar í leikskólanum, má þar nefna:



- Nýjum gildum er fagnað fjórum sinnum á ári.
- Litadagar nokkrum sinnum á skólaárinu.
- Ferð í Þjóðleikhúsið með elstu börnin.
- Dagur íslenskrar náttúru 16. september.
- Bangsaball í tilefni alþjóðlega bangsadagsins.
- Lestrarátakið *Það er gaman að lesa saman* stendur yfir allan nóvember.
- Foreldrakaffi í nóvember í tilefni afmælis Isabellu, styrktarbarns leikskólans, þar sem safnað er fyrir framfærslu hennar.
- Fagnaðarfundur á degi íslenskrar tungu 16. nóvember - nemendur í 7 bekk Álfrólsskóla koma og lesa fyrir börnin.
- Haldið upp á afmæli leikskólans 1. desember.
- Kirkjuferð í desember.
- Jólabball foreldrafélagsins, haldið í Álfrólsskóla.
- Þorrablot er haldið á bóndadaginn, aðstandendum er boðið í morgunkaffi í tilefni dagsins.
- Haldið er upp á bolludag, sprengidag og öskudag, en þá er furðufataball og kötturinn sleginn úr tunnunni.
- Konudagur - aðstandendum er boðið í morgunkaffi í tilefni dagsins.
- Leiksýning í boði foreldrafélagsins.
- Gerðarsafn, Bókasafn Kópavogs og Náttúrufræðistofa Kópavogs heimsótt.
- Farið á Barnamenningarhátíð Kópavogs þar sem boðið er upp á fjölbreytta dagskrá m.a. tónleika, listasmiðjur, myndlist og margvíslega fræðslu.
- Opið hús í maí / elstu börnin útskrifast við hátíðlega athöfn.
- Tónleikar hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.
- Sumar- og sólblómahátíð leikskólans í júní.
- Útskriftarferð elstu barna í maí/júní.
- Götuleikhúsið sýnir leikrit í júní.

Kynning á leikskólanum

Á heimasíðu leikskólans má finna upplýsingar um starf hans, fréttir, viðburði og annað sem tilheyrir starfinu. Að vori er kynningarfundur fyrir nýja foreldra þar sem farið er yfir starfsemi leikskólans og

húsnæðið skoðað. Á foreldrafundi að hausti er kynning á starfi komandi vetrar. Í aðlögun gefst foreldrum tækifæri á að kynnast starfsmönnum og starfi leikskólans. Foreldrar eru ávallt velkomnir í heimsókn í leikskólann.

Foreldrasamstarf

Stefna og áherslur

Við upphaf leikskólagöngu barns er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og starfsmanna leikskólans. Lögð er áhersla á að samstarfið byggi á gagnkvæmum skilningi og virðingu þar sem umhyggja og velferð barnanna er höfð að leiðarljósi. Mikilvægt er að starfsmenn leikskólans og foreldrar geti treyst hvert öðru, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir börnunum til heilla.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og meðlimi ráðsins má finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldraráð er starfandi við skólann og fjallar um ýmiss mál sem varða leikskólastarfið. Það hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar í leikskólastarfinu og verkefni foreldraráðs eru m.a.

- Að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um starfsáætlun, skólanámskrá, þróunarverkefni og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- Að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir forráðamenn.
- Að gefa umsagnir um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna

Við leggjum áherslu á góð dagleg samskipti við foreldra og í anddyri hvernar deildar eru upplýsingatöflur þar sem fram koma upplýsingar varðandi starfið. Deildarstjórar upplýsa foreldra a.m.k. hálfsmánaðarlega um starfsemi deildarinnar í gegnum samskiptaforritið *Völu*.

Myndir og fræðsla um starfið er aðgengilegt foreldrum í gegnum forritið Sway. Allar upplýsingar um starfsemi leikskólans koma fram á heimasíðu leikskólans <https://alfaheidi.kopavogur.is/>

Boðið er upp á foreldrasamtöl einu sinni til tvisvar á ári þar sem rædd er líðan barnsins, nám þess og þroski, heima og í leikskólanum. Þess utan stendur foreldrum ávallt til boða samtal við starfsfólk leikskólans.

Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfi

Foreldrar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu sem byggir á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar og hafa þeir ætíð fjölmennt á allar uppákomur, fundi og annað sem tengjast leikskólastarfinu.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Stjórnin fundar nokkrum sinnum yfir árið. Foreldrasjóður er í leikskólanum sem er nýttur til að greiða kostnað við ýmsa viðburði eða annað sem stjórn foreldrafélagsins ákveður. Hefðir hafa skapast fyrir þeim verkefnum sem foreldrafélagið stendur fyrir á hverju ári. Nánari upplýsingar um störf og stjórn foreldrafélagsins er að finna á heimasíðu leikskólans.

Markmið foreldrafélagsins er:

- Að efla samvinnu forráðamanna og starfsfólks.
- Að tryggja hagsmuni barna.
- Að taka þátt í ýmis konar starfsemi leikskólans og viðburðum.

Starfsmenn

Álfaheiði byggir leikskólastarfið á áhugasömum og hæfum starfsmönnum sem hafa tækifæri á að rækta þekkingu sína og hæfileika í framsæknu starfsumhverfi.

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna leikskólans byggir á Lífsmenntinni og eiga því einkunnarorð leikskólans, *deilum gildum okkar til að skapa betri heim* vel við. Lögð er áhersla á opin skoðanaskipti og að allir starfsmenn beri sameiginlega ábyrgð á góðum starfsanda í leikskólanum.

Starfsmannastefna leikskólans byggist á neðangreindum atriðum:

- Að stuðla að góðum starfsanda.
- Að sýna samstarfsmönnum og öðrum virðingu í umtali.
- Að taka ekki undir slæmt umtal.
- Að vera samvinnuþýður og sveigjanlegur í starfi.
- Að vera stundvís og reglusamur.
- Að virða þagnarheit.
- Að virða mannauð og skoðanir samstarfsmanna.
- Að koma eigin mannauði og skoðunum á framfæri.
- Að taka leiðbeiningum vel.
- Að vera hreinskilin við samstarfsmenn og gefa skýr skilaboð.
- Að sýna ábyrgð í starfi.
- Að viðurkenna að ágreiningur er eðlilegur og getur verið grundvöllur að betra samstarfi.
- Að vilja vinna eftir fyrir fram ákveðnum markmiðum.

Áherslur í samstarfi

Leikskólinn er uppeldis- og menntastofnun og forsenda góðs leikskólastarfs er að starfsmenn hafi sameiginlega sýn á starfið. Lögð er áhersla á að starfsmenn leikskólans vinni sem ein heild og er starfið skipulagt fyrir allan leikskólann í einu. Fræðsla og umræða á skipulagsdögum er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsmönnum gefst auk þess kostur á að sækja námskeið er varðar leikskólastarf.

Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýja starfsmenn og er þeim afhent til lestrar gögn sem tengjast leikskólanum og starfi hans. Deildarstjóri sér um að kynna starfsmann fyrir deildinni, samstarfsfólki og leiðbeina honum áfram í starfi.

Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftár ef þörf þykir. Þar gefst starfsmönnum tækifæri til að tjá sig um eigin frammistöðu en jafnframt er þetta tækifæri til samráðs og handleiðslu. Nýta þarf þau tækifæri sem upp koma til að upplýsa starfsmann um framgang hans. Samskipti milli deilda eru eitt af áhersluatriðum í starfinu bæði hvað varðar börn og starfsmenn.

Leikskólakennarar fá undirbúningstíma til að skipuleggja starfið. Verkefni sem heyra undir undirbúningstíma eru m.a. starfsáætlanagerð, viðtalstímar fyrir foreldra og vegna annars foreldrasamstarfs, undirbúningur starfs með börnum og vegna starfs deildar, handleiðsla, atferlisathuganir, kynnisferðir, skilafundir með foreldrum og sérfræðingum.

Til staðar er starfsmannahandbók og mappa með vinnulýsingum þar sem eru upplýsingar um starfsaðferðir og fleiri mikilvæga þætti í starfinu.

Í Álfaheiði er lærdómssamfélag þar sem lýðræðislegir starfshættir ríkja og fjölbreytt tækifæri gefast til jafningjafræðslu, samráðs og faglegs samtals.

- Morgunmiðlun er á hverjum morgni þar sem farið er yfir daglegt starf.
- Starfsmannafundir/ fagfundir eru tveir á ári utan vinnutímans. Þeir eru nýttir til undirbúnings starfsins, fræðslu og fyrirlestra.
- Deildarfundir eru haldnir á þriggja vikna fresti þar sem rætt er um starfið, skipulagið og börnin. Einnig eru deildarfundir á skipulagsdögum.
- Samráðsfundur deildarstjóra er aðra hvora viku.
- Deildarstjórafundur er vikulega og er hlutverk fundarins að bóka næstu viku, ræða faglegt starf, samræma uppeldisstarfið milli deilda og það sem er sameiginlegt t.d. húsnæði og lóð.
- Samráð er við sérkennslustjóra eftir þörfum.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri hitta hver sinn handleiðsluhóp nokkrum sinnum yfir árið. Í handleiðslu eru ýmis málefni rædd sem varða starfið. Markmiðið er að styrkja stjórnendur í starfi.
- Nefndir og matsteymi funda a.m.k. 4-6 sinnum á skólaárinu.
- Teymisfundir vegna sérkennslubarna á sex til átta vikna fresti.

Samsetning starfsmannahópsins

Á hverju skólaári er reiknað út hver starfsmannaþörfin er eftir samsetningu barnahópsins m.a. eftir fjölda, aldri og viðveru barnanna og sérkennslu. Áætluð eru um það bil 13 stöðugildi á deildum, stöðugildi vegna sérkennslu fyrir 1. og 2. flokk eru breytileg frá ári til árs en eitt stöðugildi er fyrir 3. og 4. flokk. Fyrir stjórnun eru stöðugildin 1.30, 0.50 fyrir sérkennslustjóra og 1.75 í eldhúsi, auk afleysingar vegna veikinda og undirbúnings kennara. Kópavogsbær veitir auk þess hálf t stöðugildi fyrir fatlaðan starfsmann.

Samstarf við grunnskóla

Gott samstarf er á milli Álfaheiðar og Álfrólsskóla. Samvinna við grunnskólann er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og það auðveldar börnunum að flytjast á milli skólastiga. Meginmarkmið samstarfsins er að nám barna myndi samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börnin fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barna er í brennidepli. Í starfsáætlun Álfaheiðar og Álfrólsskóla koma fram fastir þættir sem eru í samstarfinu s.s. gagnkvæmar heimsóknir, hátíðir og hefðir. Fundir kennara og kynningar á milli skólastiga dreifast yfir veturinn. Skólastjórnendur beggja skólastiga bera ábyrgð á skipulagningu samstarfsins.

Samstarf við aðra

Leikskólinn á í samstarfi við hina ýmsu aðila svo sem aðra leikskóla, starfsfólk menntasviðs Kópavogs og ýmsa utanaðkomandi sérfræðinga og stofnanir. Má þar nefna: Greiningar- og ráðgjafarstöð

ríkisins, Heilsugæsluna, Alþjóðasetur, Barnaheill, Landvernd, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Values based Education, SOS Barnahöpur, UNICEF á Íslandi og Háskóla Íslands. Mikið og gott samstarf er við starfsmenn umhverfissviðs og aðra sem koma að framkvæmdum innanhúss og á lóð.



Mat og matsaðferðir

Í leikskólanum er starfið í stöðugri þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Komið hefur verið á fót matsteymi innan leikskólans sem hefur það hlutverk að skipuleggja og fylgja eftir að innra mat á skólastarfinu sé framkvæmt kerfisbundið.

Mat á skólastarfi er tvíþætt:

- Innra mat sem leikskólinn framkvæmir sjálfur og er því ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum, þróun og auknum gæðum. Tekið er tillit til sjónarmiða kennara, annarra starfsmanna, barna og foreldra.
- Ytra mat er mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila.

Matsaðferðir:

- Leikskólastarfið er meðal annars metið á reglulegum fundum nefnda og ráða sem eru starfandi innan leikskólans, s.s. lífsmenntaráð, umhverfisnefnd, áfallaráð og öryggisnefnd. Símat á sér því stað allt árið um kring sem skráð er í fundargerðir.
- Umhverfisstörfin eru auk þess metin út frá matslista frá Landvernd.
- Matslistar þar sem starfsmenn meta störf sín, samstarf og samskipti við vinnufélaga og mat á stjórnun leikskólans.
- Eitt námssvið er metið árlega, á þar til gerðum listum frá menntasviði Kópavogs.
- Börnin meta starfið og eru matsaðferðir breytilegar eftir aldri og þroska þeirra.
- Foreldrar meta starfsemi leikskólans og gefa niðurstöður matsins kennurum góða vísbendingu um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað betur mætti fara.
- Stuttar kannanir um ýmis verkefni.

Hver matsaðferð er notuð að minnsta kosti annað hvert ár og eru niðurstöður mats og umbótaáætlun birt í starfsáætlun leikskólans, sem og á heimasíðu skólans.

Sértækir matslistar:

- **Hljóm-2** er er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika.
- **EFI-2** er málþroskaskimun, sem kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða aldursári.
- **TRAS** er skráningarlisti til að fylgjast með málþroska tveggja til fimm ára barna.

Sérkennsla

Sérkennsla byggir á lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008 og samkvæmt þeim eiga öll börn rétt á kennslu við hæfi. Ef barn þarf á sérstakri aðstoð að halda er ávallt haft samráð við forráðamenn.

Börn með fötlun eða frávik í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur þar um. Leikskólinn fær úthlutað viðbótar fjármagni samkvæmt fyrirbyggjandi greiningum til þess að mæta þörfum barna sem falla undir fyrsta og annan flokk og fyrir er eitt stöðugildi sem mætir þörfum barna sem falla undir þriðja og fjórða flokk. Sjá viðmið og reglur Kópavogs varðandi stefnu um skóla fyrir alla: <https://www.kopavogur.is/static/files/Menntasvid/skolifyriralla14februar.pdf>

Markmið sérkennslu er að styðja barnið þannig að það geti notið leikskóladvalar sinnar og þroskast sem best á eigin forsendum. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun þ.e. mikilvægi þess að hafa áhrif á þroskaframvindu barna með markvissum aðgerðum eins snemma og unnt er. Þá er stuðst við handbók leikskólans [Snemmtæk íhlutun, mál og læsi](#). Markmið með slíkri handbók og skýrum verkferlum er að tryggja að öll börn leikskólans fái jöfn tækifæri og nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti. Handbókin nýtist starfsfólki, forráðamönnum og öðrum áhugasömum til að öðlast skilning og þekkingu á málörvun, sem og í kennslu barna með íslensku sem annað mál. Sérkennsla fer yfirleitt fram á deildum í litlum barnahópum en einnig er unnið með eitt barn í einu, allt eftir eðli hvers máls. Sérkennslustjóri heldur utan um sérkennsluna og vinnur í nánú samstarfi við deildarstjóra og foreldra viðkomandi barna.



Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna, koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnuumhverfisins og að sjá til þess að unnið sé eftir viðbragðsáætlunum.

Daglegt eftirlit starfsmanna er með útisvæði og athugasemdir eru skráðar. Börnin taka þátt í mánaðarlegu eldvarnareftirliti og eru þá í hlutverki Loga og Glóðar. Á hverju ári eru framkvæmdar rýmingaræfingar með börnunum.

Starfsmönnum er boðið upp á slysavarnarnámskeið annað hvert ár. Reglulegt eftirlit er með húsnæði og lóð, bæði af hendi bæjaryfirvalda og starfsmanna skólans.

Öll slys eru skráð inn á atvik.is, alvarlegri slys eru tilkynnt til Vís.is og slys á starfsmanni er tilkynnt til vinnueftirlitsins.

Hér má finna: [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#)

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks og er í samstarfi við vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið. Í öryggisnefnd sitja öryggisfulltrúi og öryggisvörður. Nefndin hittist að minnsta kosti tvisvar á ári og fer yfir öryggisatriði er varða húsnæði og lóð leikskólans. Leikskólastjóri gegnir starfi öryggisvarðar sem fulltrúi rekstraraðila eða annar sem hann tilnefnir. Öryggistrúnaðarmaður er kosinn af samstarfsmönnum á tveggja ára fresti. Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf.

Áfallaráð

Áfallaráð er starfandi við skólann en hlutverk þess er að vera starfsmönnum leikskólans til aðstoðar og halda utan um þær aðgerðir sem fara í gang við áfall. Áfallaáætlun er til staðar og er ætluð til að styðja við starfsmenn og vísa þeim veginn ef áföll verða hjá barni, starfsmanni eða aðstandendum þeirra.

Áfallaráð leikskólans hefur til hliðsjónar:

- Áfallaáætlun leikskólans.
- Verklagsreglur leikskólans til verndar börnum gegn líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi.
- [Jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogsbæjar.](#)
- [Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi.](#)
- [Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins.](#)



Mat á skólastarfi og starfsáætlun síðasta starfsárs 2020 –2021

Skólastarfið, þema og áherslupættir

Sóttvarnir og samkomutakmarkanir vegna Covid-19 settu mark sitt á leikskólastarfið síðasta skólaár. Samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila, hefðir, hátíðir og aðrir fastir liðir í leikskólastarfinu hafa sumir fallið niður og eða verið með breyttu sniði. Mikil áhersla var lögð á persónulegar sóttvarnir, s.s. að virða nálægðarmörk og handþvott í öllu starfi en jafnframt reynt að raska leikskólastarfinu eins lítið og unnt var. Takmarkað aðgengi foreldra að leikskólanum gerði það að verkum að börn og foreldrar sýndu mikið hugrekki þegar kveðjast þurfti við innganga leikskólans. Þessi tilhögun olli auknu álagi á starfsfólk í upphafi og lok dags. Tengsl foreldra við starfsfólk og aðra foreldra sem og þátttaka þeirra í leikskólastarfinu varð jafnframt með öðrum hætti eins og fram kemur í niðurstöðum foreldrakönnunar (Skólapúlsinn, 2021).

Leikskólinn var hólfaskiptur, foreldrar komu ekki inn í fataherbergi og starfsfólk notaði grímu ef ekki var hægt að gæta að nálægðarmörkum, fundir voru haldnir á Teams. Sóttvarnir í leikskólanum voru miklar og leikskólinn var sótthreinsaður í lok dags. Þær samkomur sem voru á skóladagatali voru ýmist felldar niður eða færðar út á lóð. Aðlögun barna inn í leikskólann fór að mestu fram á lóð leikskólans, mælt var til þess að einn forráðamaður sæi um aðlögun barns og grímuskylda viðhöfð. Aðalfundur foreldrafélagsins og kynning á skólastarfinu, sem haldin er að hausti, féll niður. Afmæli Ísabellu var fagnað úti á lóð. Afhending 7. grænfánans fór fram í desember við eldstæði leikskólans. Bóna- og konudagur voru haldnir án aðkomu foreldra. Opið hús fór fram með öðru sniði en venjulega, foreldrar fengu send myndbönd af barni sínu í stað danssýningar og listaverk barnanna voru sett í glugga leikskólans. Útskrift elstu barnanna var haldin utandyra og eingöngu foreldrum elstu barna boðið að taka þátt í athöfninni.

Það er því ljóst að áhrif Covid-19 voru mikil á leikskólastarfið og reyndi á hefðbundnar samskiptaleiðir þó svo að starfsfólk og foreldrar hafi lagt sig fram við að láta það ganga eins vel og hægt var.

Unnið var með fjögur gildi á skólaárinu; **frið, kærleika, umburðarlyndi og hugrekki** og þeim fléttað inn í starfið. Gildin voru nýtt í verki í þessum óvenjulegum aðstæðum og samvinna við foreldra var með miklum ágætum.

Barnasáttmáli

Eins og undanfarin ár lærðu börnin um réttindi allra barna til að eiga fjölskyldu, heimili, nafn og að geta leikið sér og hvílst. Elstu börnin lærðu um réttindi og forréttindi út frá Barnasáttmálanum og lögð var áhersla á að börnin gætu komið skoðunum sínum á framfæri og þar með haft áhrif á líf sitt.

Hefð er fyrir því að senda jóla- og afmælisgjöf til styrktarbarns leikskólans sem býr í barnaþorpi SOS í Tanzaníu. Vegna Covid-19 var leikskólanum ráðlagt að senda ekki jóla- og afmælisgjöf. Börnin völdu samt sem áður gjafir fyrir Ísabellu sem verða póstagðar við fyrsta tækifæri.

Leikskólinn hóf þátttöku í þróunarverkefni til að verða Réttindaskóli UNICEF og mun verkefnið standa í tvö skólaár. Markmið okkar er að starfsfólk og börn þekki réttindi barna og geti sett þau í samhengi við daglegt líf og að réttindin séu skýr í starfi leikskólans. Mikil þróun á sér stað með þátttöku okkar í þróunarverkefninu og við erum að bæta við okkur þekkingu, fá hugmyndir og um leið að uppfæra okkar góða starf.

Mat á þessu þróunarstarfi var framkvæmt með örkönnun meðal starfsfólks í júní sl. Starfsmenn svöruðu spurningum um þekkingu sínu á Barnasáttmálanum, um þekkingu á hefti frá UNICEF um

réttindaleikskóla og túlkun starfsfólks á því hvaða verkefni sem það vinnur, tengjast Barnasáttmálanum.

Svörin hefðu mátt vera fleiri (12 starfsmenn af 30 tóku þátt) en niðurstaðan sýnir þó að 83% þeirra sem svöruðu þekktu Barnasáttmálann vel eða mjög vel.

Í opinni spurningu þar sem spurt var: „**Hvaða verkefni hafa verið gerð á þinni deild sem þú tengir við Barnasáttmálann**“ er sýnilegt að flest námsefni skólans eru nefnd þegar verkefni eru tengd Barnasáttmálanum.

Eftirfarandi er stutt samantekt á svörum starfsmanna við þeirri spurningu: Lífsmenntin og gildin okkar. Að börnin hafa áhrif m.a. á matseðil. Heimilin okkar, gönguferðir að heimilum barnanna. Flest sem við gerum. Fjölskyldumyndir barnanna á veggjum leikskólans. Blær og vináttuverkefnið. Vinnan með nafnið, hvað heiti ég og að önnur börn hafa sitt nafn, að klappa atkvæði í nöfnum barnanna. María bangsi sem fer heim til barnanna. Bækur sem við lesum. Meðvitund um að tengja réttindi barna við daglegt starf en ég tel mig og deildina mína nokkuð færa í því t.d. í kaffitíma, hvíld og frjálsum leik. Flestöll verkefni í réttindaheftinu, sjálfsmyndir, teikningar um heimili og fjölskylduna. Styrktarbarnið okkar og verkefni frá SOS barnahjálpi.

Heimsmarkmið

Við höldum ótrauð áfram að tengja leikskólastarfið við heimsmarkmiðin, en allt starf leikskólans tengist heimsmarkmiðunum á einhvern hátt. Má þar nefna námsefnið Lífsmennt, barnasáttmálann og forvarnarverkefnið Vinátta. Við erum Sólblómaskóli, flöggum Grænfánanum og vinnum ýmis verkefni sem stuðla að umhverfisvernd. Leikskólinn tók á móti sínum sjöunda Grænfána á afmæli leikskólans 1. desember 2020. Leikskólinn hefur sett sér verklagsreglur til verndar börnum gegn líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi.

Námssvið

Námssvið leikskólans eru: Heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi og læsi og samskipti og eru þau samofin öllu starfi skólans og tengjast leik og daglegum störfum. Starfsfólk deilda mat námsþáttinn *sjálfbærni og vísindi* á á þar til gerð matsblöð frá leikskóladeild.

Heilbrigði og vellíðan

Dagskipulag var í föstum skorðum og með svipuðu sniði á öllum deildum og veitti það börnunum mikið öryggi. Boðið var upp á hollt mataræði og börnin höfðu greiðan aðgang að vatni á deildum. Lögð var áhersla á að leikurinn nyti sín bæði inni og úti og börnin nytu hvíldar og slökunar. Við vorum vakandi fyrir andlegri líðan barnanna og lögðum áherslu á gott leikumhverfi og að börnin gætu fullnægt leikþörf sinni með góðum vinum. Brýnt var fyrir foreldrum að halda börnunum heima ef þau væru með flensueinkenni eða slöpp. Þessi samvinna gekk mjög vel og allir reyndu að gera sitt besta í þessum óvenjulegum aðstæðum.

Sköpun og menning



Í mati á námsþættinum sköpun og menning sem metin var á skólaárinu 2019-2020 kom fram að ljósmynda þyrfti oftast vinnu barnanna og hafa endurnýtanlegan efnivið aðgengilegri á deildum. Í ljósi Covid-19 var ákveðið að myndlist og tónlist færi fram á deildum og hver deild sækti sér þann efnivið sem á þyrfti að halda.

Myndaforritið Sway var tekið í notkun og myndir, upplýsingar og fróðleikur um starfið sent rafrænt til foreldra. Í júní 2021 var send spurningarkönnun til foreldra til að kanna hversu vel Sway nýtist foreldrum. Óskað var eftir viðhorfum foreldra varðandi fjölda mynda, tíðni, gagnsemi upplýsinga auk ábendinga um það sem vel er gert og betur má fara við notkun forritsins. Þátttakan var góð og komu 62 svör sem dreifðust nokkuð jafnt á deildir og því getum við nýtt niðurstöðurnar til að hjálpa okkur að þróa okkur áfram út frá svörum sem bárust.

Reynt var eftir fremsta megni að viðhalda hefðum og hátíðum, en með öðru sniði. Þetta árið flakkaði jólatréð milli deilda og haldin voru litlu jól á deildum í stað fyrir ein stór á Lundi. Forráðamenn komu ekki í bóndadagskaffi eða konudagskaffi heldur unnu börnin verkefni um mömmu og/eða pabba og hengdu upp í glugga leikskólans. Ekki var haldið opið hús eins og hefur verið síðustu ár en listaverk barnanna voru hengd upp í glugga yfir allt skólaárið. Útskrift elstu barnanna var haldin úti og því máttu forráðmenn þeirra koma en án annarra gesta. Sólblómahátíðin var haldin í júní og forráðamönnum boðið með. Foreldrafélagið sá um að útvega skemmtiatriði sem hittu gjörsamlega í mark hjá börnunum.

Okkar árlega 6 vikna dansnámskeið var með öðru sniði en forráðamenn fengu send myndbönd af börnunum dansa í stað danssýningar. Einn danstíminn fór fram utan dyra sem féll vel í kramið hjá börnunum.

Sjálfbærni og vísindi



Ýmis skemmtileg árstíðarbundin verkefni voru í gangi sem börnin tóku þátt í og má þar nefna að börnin tíndu rifs- og sólber og sultað var í leikskólanum. Yfir vetrartímanna voru fuglarnir fóðraðir bæði með fræjum og fitu. Elstu börn leikskólans söfnuðu birkireklum sem fóru til Landgræðslunnar og einnig sáðu þau fræjum og sáu hvernig fræ verður að tré. Öll börn sáðu fræjum af sumarblómum og þegar fræið var orðið að lítilli plöntu tóku þau hana heim til að hugsa um og njóta með foreldrum sínum. Við þær óvenjulegu aðstæður sem ríkt hafa finnur maður hvað nærumhverfið skiptir miklu máli til að læra, upplifa og njóta.

Læsi og samskipti.

Unnið var með fjögur gildi á skólaárinu: frið, kærleika, umburðarlyndi og hugrekki og var inntaki gildanna fléttað saman við allt starf leikskólans. Vináttuverkefni Barnaheilla hefur fest sig í sessi á öllum deildum og unnið er með efnið á misjafnan hátt eftir aldri og þroska barnanna. Markmið með ofangreindum áherslum í starfinu eru m.a. að efla með börnum lýðræðislega hugsun, tillits- og umhyggjusemi. Mat á gagnsemi kennslunnar var m.a. í formi vinamats og hugarkortum barna á eldri deildum.

Allar stundir dagsins voru nýttar til málörvunar og markvisst var boðið upp á leiki og verkefni til að örva hljóðkerfis- og málvitund barnanna. Má þar nefna *Tákn með tali* með yngstu börnum á Hlíð, *Lubbi finnur málbeinið* á Brekku og Hjalla og námsefnið *Ljáðu mér eyra* og *Leggðu við hlustir* á Lundi.

Okkar árlega lestrarátak, *Það er gaman að lesa saman*, var með öðru sniði þetta árið vegna Covid-19. Í þetta skiptið hvöttum við börn og foreldra til heimalesturs og merktu börnin við á þar til gerðu eyðublaði. Í lokin var átakanu fagnað á hverri deild með bókabíói í stað bókagjafa. Þetta samvinnuverkefni leggur svo sannarlega góðan grunn að lestrarfærni barnanna síðar meir. Rannsóknir hafa sýnt fram á að lestur fyrir börn á heimilum hefur áhrif á lestraráhuga þeirra, eflir læsi og leggur grunn að því að börnin njóti þess að lesa sjálf síðar meir.

Mat og matsaðferðir

Leikskólastarfið er meðal annars metið á reglulegum fundum nefnda og ráða sem eru starfandi innan leikskólans, s.s. lífsmenntaráð, umhverfisnefnd, áfallaráð og öryggisnefnd. Vegna samkomutakmarkanna féllu margir af þessum fundum niður, aðrir voru haldnir rafrænir. Lífsmenntaráð

nemenda liggja og geta þannig veitt snemmtæka íhlutun sé þörf á því. Með skimun fæst góð yfirsýn yfir þá þætti sem vinna þarf markvisst með og leiðbeiningar um hvernig mætti skipta börnum í málörvunarhópa. Ef þurfa þykir er kallað eftir aðkomu talmeinafræðings eða sálfræðings í samráði við foreldra. Niðurstöður eru notaðar til þess að ákveða hvernig best megi stuðla að framförum hjá barninu. Eftirfarandi matstæki eru lögð fyrir öll börn í leikskólanum Álfaheiði ár hvert: **Hljóm-2**, **EFI-2** og **TRAS**.

Skipulagsdagar, starfsmannafundir, samráðs-, deildar- og deildarstjórafundir voru notaðir til endurmats á starfinu.

Börn

Á skólaárinu dvöldu 79 börn á aldrinum eins til sex ára í 6-8,5 klst. viðveru. Börn með annað móðurmál en íslensku voru 14 frá 10 þjóðlöndum. Samsetning barnahópsins er sem hér segir:

15 börn fædd 2015

22 börn fædd 2016

14 börn fædd 2017

19 börn fædd 2018

9 börn fædd 2019

Sérkennsla

Börn læra í gegnum leik með og af öðrum börnum og því fer sérkennsla að mestu fram í daglegu starfi, í eins fámennum hópum og aðstæður leyfa hverju sinni, en einstaklingsþjálfun fer einnig fram með þeim börnum sem þess þurfa. Sérkennslustjóri vinnur skýrslu á hverju vori þar sem tölulegum upplýsingum, framkvæmd og leiðum í sérkennslu er lýst.

Skólaárið 2020-2021 voru alls **41** barn, eða **52%** nemenda sem nutu einhverskonar sérkennslu á skólaárinu. Úthlutað var 29 klukkustundum vegna 13 barna sem tilheyra fyrsta og öðrum flokki, sem jafngildir þremur og hálfu stöðugildi í sérkennslu. Eitt stöðugildi er vegna þriðja og fjórða flokks og nutu 28 börn góðs af því, þar af 11 börn sem fyrst og fremst höfðu þörf fyrir hljóðaörvun vegna framburðar.

Mat forráðamanna

Rafræn könnun fór fram meðal foreldra þar sem kosið var um sumarlokun 2021, boðið var upp á tvö tímabil og seinna tímabilið, 7. júlí - 5. ágúst var valið með yfirburðum.

Foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins sem er framkvæmd annað hvert ár, fór fram í lok janúar. Deildarstjórar ásamt stjórnendum unnu síðan að umbótaáætlun út frá svörum forráðamanna og eru flestöll atriði áætlunarinnar komin í framkvæmd eða ferli. Sjá mátti á svörum að Covid hafði töluverð áhrif á forráðamenn þar sem mikið af samskiptum við starfsfólk var við útidyr eða rafrænt vegna sóttvarnarráðstafana. Langt fram eftir vetri var starfsfólk einnig að kynnast foreldrum því sumir þekktust einfaldlega ekki án grímunnar. Meðal gagnlegra ábendinga sem komu fram í könnuninni var m.a. að bæta upplýsingaflæði og gera náms- og þroskaferli barns sýnilegra foreldrum. Umbótaráætlun er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Niðurstöður stuttrar könnunar meðal foreldra um notkun myndaforrítsins Sway sýndu að meirihluti foreldra eru almennt ánægður með forritið og notkun þess. Fjöldi mynda var talinn viðunandi, jákvætt viðhorf var til texta sem taldist fræðandi og skemmtilegur og tíðni færslna góð. Ábendingar bárust um að bæta mætti gæði mynda og myndbanda og auðvelda aðgengi að forritinu.

Samsetning starfsmannahópsins

Leikskólinn hefur á að skipa mjög hæfu og samhentur starfsfólki sem margir hverjir eru með langan starfsaldur sem þykir jafnan endurspeglar ánægju í starfi og vellíðan á vinnustað. Á skólaárinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021 voru starfandi fjórtán leikskólakennarar, meistaranemi í leikskólakennarafræðum, tveir starfsmenn með aðra háskólamenntun, þroskaþjálfari, leikskólalíði, matartæknir, félags- og tómstundaliði og starfsmenn með stúdents- og grunnskólapróf.

Fjórir starfsmenn voru í barnsburðarleyfi, einn þeirra sagði upp störfum að loknu barnsburðarleyfinu, tveir starfsmenn voru í launalausuleyfi, sem síðan hurfu til annarra starfa, einn starfsmaður í veikindaleyfi á vorönn og einn starfsmaður í námsleyfi á haustönn. Að auki hættu sex starfsmenn á skólaárinu sem ýmist hurfu til annarra starfa eða í nám. Af þeim sem látið hafa af störfum eru tveir leikskólakennarar sem fluttu sig yfir á önnur skólastig.

Við fengum góðan liðsauka í stað fráfarandi starfsmanna, einn leikskólakennara, háskólamenntaðan starfsmann með uppeldis- og menntunarfræði, einn starfsmann með aðra háskólamenntun og leiðbeinendur með fjölbreytta reynslu og þekkingu.

Í Álfabeiði hefur myndast sú hefð að starfsmenn eru heiðraðir fyrir vel unnin störf á heilum og hálfum tug. Á 30 ára afmæli leikskólans 1. desember 2020 voru þrjú starfsmenn heiðraðir fyrir 30 ára starf, einn starfsmaður fyrir 25 ára starf, þrjú starfsmenn fyrir 20 ára starf og þrjú starfsmenn fyrir 5 ára starf.

Að vanda færði foreldrafélagið starfsmönnum ostakörfu með kærri þakklæti fyrir vel unnin störf.

Mat starfsmanna

Á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsmannafundum fer fram mikilvægt mat sem nýtist til umbóta. Ekki er eingöngu hægt að meta starfið út frá mælistikum og eiga því þær umræður og ígründun sem fram fer á þessum fundum mikilvægan þátt í endurmati og þróun skólustarfsins.

Mat stjórnenda á innra mati leikskólans var framkvæmt á haustönn 2020. Niðurstöður þess gáfu m.a. til kynna að þörf er á stofnun matsteymis innan leikskólans og markvissri matsáætlun innra mats.

Leikskólastjóri var í leyfi mest allt skólaárið og átti því ekki tæk á að bjóða upp á starfsmannasamtöl eins og hefð er fyrir. Í fjarveru leikskólastjóra sinnti aðstoðarleikskólastjóri leiðsögn og handleiðslu starfsmanna í daglegum samskiptum og samtölum. Deildarstjórar veita handleiðslu og leiðsögn í daglegum samskiptum sem og í samtölum við hvern og einn sinna starfsmanna. Deildarstjórar hittast hálfsmánaðarlega á samráðsfundum.

Kannanir um fyrirkomulag vinnustyttingar voru framkvæmdar þrisvar sinnum á skólaárinu, þar var á haustönn annars vegar kannaður hugur fólks varðandi mögulegar útfærslur vinnustyttingar, þ.e.a.s. sölu á kaffitíma, og þá í hve miklu magni. Vinnustyttingarnefnd var skipuð innan leikskólans sem vann tillögur byggðar á svörum starfsmanna, sem svo var kosið um í seinni könnun. Niðurstaðan var að selja allan daglegan kaffitíma 35 mínútur fyrir starfsmann í 100% stöðu, auk þess að safna 13 mínútna daglegri vinnustyttingu. Uppsöfnun kaffitímasölu og vinnustyttingar er tekin er út vikulega, eftir á. Þriðja könnun um fyrirkomulag vinnustyttingar var lögð fyrir á vormánuðum þar sem reynsla var komin á fyrirkomulagið. Hún miðaði að því að meta kosti og galla við fyrirkomulagið og veita starfsmönnum tækifæri til þess að koma með tillögum að breytingum.

Örkönnun varðandi þekkingu starfsmanna á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, fór fram í tengslum við markmið leikskólans að gerast Réttindaleikskóli UNICEF. Þátttaka í könnuninni var dræm en svör gáfu til kynna að þekking starfsmanna væri góð og að nánast allt starf í leikskólanum hefur sterka tengingu við barnasáttmálann.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Álfaheiði tók þátt í þróunarverkefninu Réttindaleikskólar, eins og fram kom í kaflanum Barnasáttmáli.

Farið var í námsferð til Selfoss í maí 2021, þar sem starfsmenn sóttu námskeiðin Leikur að læra og útikennsla á vegum Endurmenntunarferða.

Útgáfu handbókar um snemmtæka íhlutun var fagnað í nóvember. Handbókin var liður í þróunarverkefninu Snemmtæk íhlutun-mál og læsi í leikskólum Kópavogs sem lauk á vorönn 2020.

Ein deild leikskólans tók þátt í eTwinning verkefninu *Rannsakendur í náttúrunni* í samvinnu við aðra skóla í Evrópu.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar á skóladagatali voru áætlaðir fimm talsins, auk skipulagsdags sem færðist á milli ára vegna Covid og viðbótarskipulagsdags vegna fyrirhugaðrar námsferðar til Póllands. Fyrirhuguð námsferð til Póllands féll niður vegna Covid og viðbótardegi þann 20. maí þess vegna frestað.

Skipulagsdagar skólaársins voru 6 og á skipulagsdögum fer fram mikil endurmenntun, kynning og fræðsla fyrir starfsfólk. Á haustönn voru skipulagsdagarnir haldnir á Teams eða í sal Hjallakirkju.

- **18. september Fyrir hádegi Álfaheiði - eftir hádegi í Hjallakirkju**
 - Deildarfundir
 - Önnur mál
 - 30 ára afmæli leikskólans (1. des.) rætt og hugmyndir deilda kynntar.
 - Kynning á vinnustyttingu og fyrirkomulagi hennar, skipuð nefnd til að vinna að framkvæmd styttingar. Málefni Sfk rædd.
 - Kynning á myndaforritinu Sway -
- **27. október Haldin á Teams (í stað 23. mars 2020)**
 - Málþingi Félags leikskólakennara um frjálsa leikinn streymt.
 - Deildarfundir
- **19. nóvember - unnið var á deildum og samskipti í gegnum Teams.**
 - Stytting vinnuvikunnar, kynning vinnustaðanefndar, deildir ræða saman og koma með hugmyndir að styttingu.
 - Kynning á Unicef þróunarverkefninu *Réttindaleikskólar*. Okkar hlutur í verkefninu kynntur, tilgangur verkefnisins og fjallað um þau verkefni sem við vinnum að. Starfsfólk geri verkefnið *Draumaleikskólinn*, afrakstur settur upp á starfsmannagangi.
 - Aðalfundur starfsmannafélags Álfaheiðar
 - Deildarfundir
 - Snemmtæk íhlutun - kynning á þróunarverkefninu og lokum þess fagnað. Hlustað á kynningar leikskólanna Arnarsmára, Kópahvols, Sólhvarfa og Arnarsmára.
- **18. janúar**

- Kynning á handbók leikskólans um *Snemmtæka íhlutun* en hún er afrakstur þróunarverkefnisins Snemmtæk íhlutun - mál og læsi í leikskólum Kópavogs. Raketl Yr Ísaksen og Hildur Hálfðanardóttir tóku saman.
- Kynning á rafbókum en þær bækur nýtast vel í sérkennslunni.
- Deildir kynntu það sem gert er á deildum varðandi málrækt.
- Kynning frá Landvernd á verkefnum upp úr handbók Hob's Adventure (Hands on biodiversity) sem kemur út vorið 2020.
- Áframhaldandi samræður á deildum um umhverfismenntina og val á þeim (átthagar og landslag og hnattrænt jafnrétti) fyrir Grænfánann 2020-2022 markmið sett og aðgerðaráætlun.
- Deildarfundir.
- **17. mars**
 - Öryggismál leikskólans - rýmingar- og öryggisáætlun leikskólans kynnt og rædd.
 - Matsteymi kynnt og kosið
 - Vinnustyttingin og skipulag skoðað og rætt
 - Nefndir – nefndarskipan rædd og kosið í nefndir
 - Mikilvægir þættir í uppeldi barna - Hrönn V. kynnti
 - Önnur mál - námsferðin í vor o.fl.
 - Deildarfundir og endurmat á námsþættinum *sjálfbærni og vísindi* og niðurstöður foreldrakönnunar rædd og aðgerðaráætlun fyrir næsta skólaár undirbúin.
- **13. -14. maí námsferð á Selfoss** – Námskeiðin *Leikur að læra*, útikennslunámskeið og hópefli á vegum Endurmenntunarferða

Endur- og símenntun

Undirbúningstími kennara jókst þann 1. október 2020. Samkvæmt nýjum kjarasamningum FL er lágmarksundirbúningstími leikskólakennara nú 7 klukkustundir og lágmarksundirbúningstími deildarstjóra og sérkennara 10 klukkustundir á viku. Aukinn undirbúningstími eykur tækifæri leikskólakennara til þess að sinna starfsþróun á vinnutíma.

Lítið framboði var á námskeiðum á skólaárinu vegna sóttvarnartakmarkanna í samfélaginu. Tveir leikskólakennarar fóru á námskeiðið *Náttúruvísindi, tækni og málörvun í leikskóla*. Námskeiðið er á vegum Menntafléttunnar og stendur yfir frá júní 2021-maí 2022, með fjarfundarbúnaði.

Sérkennslustjóri var í námsleyfi á haustönn 2020 og 50% námsleyfi á vorönn 2021 vegna M.Ed. náms í stjórnun menntastofnanna.

Skipulagsdagar voru nýttir að hluta eða öllu leyti til símenntunar.

Fundir

Fundir fóru fram með eins hefðbundnum hætti og hægt var og farið var eftir reglugerðum og leiðbeiningum sóttvarnaryfirvalda hverju sinni. Teymisfundir og önnur foreldrasamtöl fóru ýmist fram í sal íþróttahúss Digraness, Fagralundi eða með fjarfundarbúnaði.

Samstarf

Samstarfið við Álfhólsskóla hefur verið með miklum ágætum undanfarin ár og að hausti var gerð starfsáætlun Álfhólsskóla við leikskólanna Álfheiði, Efstahjalla og Fögrubrekku. Ekkert varð úr framkvæmd þessarar áætlunar vegna Covid-19.

Leikskólinn hefur fengið afnot af íþróttasal Digraness 1x í viku en það fyrirkomulag féll einnig niður.

Heimsóknir á milli leikskóla voru ekki mögulegar sökum sóttvarnarreglna.

Þátttaka í rannsóknum

Leikskólinn tók þátt í rannsókninni, *Athugun á framburði barna og samanburður við mat foreldra og leikskólakennara*. Þessi rannsókn er á vegum Háskóla Íslands og ábyrgðarmaður er dr. Þóra Másdóttir, talmeinafræðingur og lektor við HÍ. Rannsóknin stendur enn yfir.

Mastersnemi við HÍ mældi upp leikrými barnanna og er það hluti af mastersrannsókn viðkomandi.

Nemar

Við erum samstarfsskóli Háskóla Íslands og vorum með einn starfsnámsnema á lokaári M.Ed. í leikskólakennarafræðum. Neminn sinnti mastersnámi sínu samhliða starfi í leikskólanum.

Viðhald

Skólaárið 2020 – 2021 fór fram hefðbundið viðhald innan dyra sem utan. Í sumarlokun var sett upp loftræstikerfi í Lundi (deild elstu barnanna). Á deildunum Hjalla og Brekku voru settar nýjar innréttingar og hillur og eldavélar fjarlægðar. Hillur voru settar upp í þvottahúsi, útihurðar lagfærðar. Ískápur var endurnýjaður í eldhúsi og sófi keyptur á deild yngstu barna.

Öryggismál

Reglulegt eftirlit var með húsnæði og lóð, bæði af hendi bæjaryfirvalda og starfsmanna skólans.

Úttekt utanhúss, á lóð og leiktækjum var framkvæmd á vegum BSI í október 2020

Engin úttekt fór fram á vegum Heilbrigðiseftirlitsins.

Árleg úttekt á brunaviðvörðunarkerfi fór fram í júní 2021.

Árleg skoðun á slökkvitækjum og brunaslöngum fór fram í september 2020.

Árleg skoðun á úti- og neyðarlýsingu fór fram í nóvember 2020.

Engin úttekt fór fram á skólaárinu hjá Vinnueftirlitinu.

Rýmingaræfingar barna og starfsfólks voru mánaðarlega á vorönn.

Alls voru 6 atvik/slys skráð á skólaárinu, flest minniháttar, fjögur á lóð leikskólans og tvö innandyra.

Umbótaáætlun skólaársins 2021–2022

Eftirfarandi umbótaáætlun kemur til framkvæmdar á komandi skólaári 2021-2022 og byggir á innra mati starfsmanna, foreldrakönnun og ytra mati samstarfsaðila. Ábyrgðaraðilar eru starfsmenn deilda, nefndir og stjórnendur.

Skólastarfið		
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir /Áherslur	Viðmið um árangur
Lífsmennt	Áherslur / gildi: Virðing, samvinna, ábyrgð og þakklæti.	Gildin eru sýnileg og að börn, foreldrar og starfsfólki þekki þau gildi sem unnið er með. Að í öllu starfi sé unnið með gildin að leiðarljósi.
Grænfáninn/ Umhverfismennt	Þemu: -Hnattrænt jafnrétti -Átthagar og landslag	Að börn, starfsfólk og foreldrar þekki til og vinni markvisst með þemu tímabilsins:
Námssviðið sem metið var á síðasta skólaári Sjálfbærni og vísindi fellur undir þennan þátt í skólastarfinu	Að finna lifandi slagorð sem tengjast þemanu sem verið er að vinna á tímabilinu.	Hnattrænt jafnrétti og Átthaga og landslag.
	Að fjölga mælanlegum markmiðum í umhverfisstörfum s.s. að vigta matarafganga til þess að vinna gegn matarsóun. Fylgjast með rafmagns- og vatnsnotkun	
	Halda sniglabú og kynnst lífríki smádýra	
	Blómálfar- börnin vökva og næra plöntur innandyra.	
	Fara á fjölbreyttari áfangastaði í gönguferðum s.s. í fjöru	
Vinátta	Upplýsa foreldra um samræðuspjald sem nýlega var tekið fyrir.	Að foreldrar séu meðvitaðir um hvað börnin eru að fjalla um í leikskólanum og geti rætt við börn sín.
	Senda klípusögu heim í 1x ári (nóvember)	Að foreldrar setji sig í spor og átti sig á þeirra hlutverki í að styðja við jákvæð samskipti og fyrirbyggja einelti.
Barnasáttmáli	Búa til aðgerðaráætlun sem byggir á þátttöku barnanna, og miðar að mælanlegum breytingum í þágu réttinda þeirra.	Leikskólinn Álfaheiði öðlast titilinn Réttindaskóli UNICEF
	Fjölga fjölbreyttu mati barna á leikskólastarfinu.	
Heimsmarkmið	Að tengja heimsmarkmiðin starfinu, í tengslum við áherslur í umhverfis- og lífsmennt hverju sinni.	Meðvitund barna, starfsfólks og foreldra um hvernig unnið er að því að uppfylla heimsmarkmiðin í leikskólanum.

Samskipti		
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir /Áherslur	Viðmið um árangur
Upplýsingaflæði	Útbúa samskiptaáætlun	Skýr áætlun um regluleg samskipti við foreldra. Að foreldrar séu upplýstir um skipulag og starfsaðferðir leikskólans.
	Tengja myndir á Sway við námskrá og áherslur.	
	Virkja heimasíðu	
Gera náms/þroskaferli barna sýnilegra	Kynning á Álfagulli á viðburðum leikskólans.	Að styrkja tengsl foreldra við leikskólann, upplýsa þá um starfsemina og þá skráningu sem á sér stað á þroskaferli barns í leikskólanum.
	Skrifa daglega á upplýsingatöflu í anddyri.	
	Vísa í og benda á fróðleik um nám barna á heimasíðu og öðrum miðlum.	
	Foreldrasamtöl og Sway.	
Mat á skólastarfi		
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir /Áherslur	Viðmið um árangur
Innra mat	Stofnun matsteymis	Að starfið sé metið reglulega, niðurstöður verði gerðar sýnilegar foreldrum og starfsfólki og að markvissar úrbótaáætlanir líti dagsins ljós. Auka markvissa skráningu í nefndum og á deildum til þess að gögn nýtist betur í innra mati
	Þróun gátlista fyrir reglubundið innra mat á deildum og í nefndum.	
	Matsáætlun útbúin	
Öryggismál	Að uppfæra gátlista vegna inni- og úti eftirlits.	Að vinni stöðugt að forvörnum slysa og óhappa í leikskólanum. Að skráning atvika sé með faglegum hætti.
	Greina slysa- og hættusvæði innan húss og á lóð.	Að vinni stöðugt að forvörnum slysa og óhappa í leikskólanum.
Þróun og nýbreytni		
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir /Áherslur	Viðmið um árangur
Móttaka nýrra starfsmanna	Að uppfæra móttökuáætlun.	Skýr áætlun varðandi móttöku og leiðsögn nýrra starfsmanna.
Stytting vinnuviku	Endurskoðun fyrirkomulags á hverju skólaári	Að draga úr álagi á starfsmenn leikskólans.


Símenntun		
Skipulagsdagur 2021-2022		
24. september	Kynning á grunnstoðum starfsins; lífsmennt, Barnasáttmálinn, vínáttuverkefnið, Grænfáninn. Deildarfundir	Fræðsla til starfsfólks um starfshætti leikskólans. Efla starfsfólk í starfi og viðhalda faglegri þekkingu þess.
18. nóvember	Fyrirlestur um ADHD Barnasáttmálinn Deildarfundir	
3. janúar	Slysavarnarnámskeið Öryggismál	
16. mars	Kynning á verkefni um Lífsmenntina Barnasáttmálinn Deildarfundir og mat Barnavernd kynning	
16. maí	Endurmat á skólastarfinu	



Langtíma matsáætlun um innra mat

Viðfangsefni	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		x
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	x		x	
Faglegt samstarf		x		x
Leikskóla- og starfsþróun	x		x	
Handbækur, stefnur og áætlanir				
Skólanámskrá	x			x
Starfsáætlun	X	X	X	X
Áfallaáætlun	x			
Verklagsreglur til verndar börnum			x	

Snemmtæk íhlutun			x	
Starfsmannahandbók	x			
Jafnréttisáætlun				x
Upplýsinga og öryggisstefna			x	
Eineltisstefna-varnir og viðbrögð		x		
Stefna um mál og læsi			x	
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x		x	
Námsvið leikskólans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	x
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	Ytra mat		Ytra mat	
Starfsmannasamtöl	x	x	x	x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og Viðhorf foreldra		Ytra mat		Ytra mat
Upplýsingamiðlun		x		x
Innra mat				
Framkvæmd	x		x	
Gagnaöflun og vinnubrögð	x		x	
Opinber birting og umbætur	x		x	



Viðhald

Leikskólinn hefur verið málaður að innan í áföngum undanfarin ár. Það verkefni hefur ekki verið klárað, deildin Hjalli, skrifstofa og sameiginlegt rými eru eftir. Til stendur að setja nýjan gólfduk á allan skólann en það verkefni verður einnig framkvæmt í áföngum. Áætlað var að setja nýjan duk á ganga, Torg og Lundinn (deild elstu barnanna) á haustmánuðum en það hefur ekki enn orðið.

Öryggismál - Í foreldrakönnun kom fram ábending frá foreldum um að bæta þyrfti verulega lýsingu á lóð og bílastæði skólans. Það er von okkar að þær framkvæmdir verði gerðar hið fyrsta.

Lokaorð

Eins og fram hefur komið hafði Covid-19 verulega hamlandi áhrif á skólastarfið 2020-2021. Við þessar fordæmalaus aðstæður í þjóðfélaginu þurftum við að bregðast við með ýmsum ráðstöfunum. Settar voru strangar reglur um sóttvarnir og aðgengi foreldra og annarra að leikskólanum var skert verulega. Deildum var skipt niður í hólf og reynt að lágmarka samgang á milli hólfra. Með þrautseigju og útsjónarsemi starfsfólks, foreldra og barna tókst okkur þó að bregðast við þeim ráðstöfunum sem grípa þurfti til hverju sinni.

Á skólaárinu 2020-2021 tókumst við á við fleiri áskoranir en Covid-19. Nokkrar breytingar urðu í starfsumhverfi starfsfólks má þar helst nefna lengri undirbúningstími kennara, vinnustyttingin og brotthvarf kennara með langa starfsreynslu í Álfaheiði á annað skólastig.

Auknum undirbúningstíma kennara hefur verið mætt með aukinni afleysingu, þó er ekki afleysing vegna undirbúnings kennara sem sinna sérkennslu. Undirbúningur kennara sem starfa við sérkennslu dregst eingöngu frá stuðningstíma barna sem ekki mega við því að missa þann viðbótar stuðning sem þeim hefur verið úthlutað.

Mjög vel er staðið að sérkennslumálum í Kópavogi og leikskólinn fær úthlutað viðbótarfjármagni vegna barna með sérþarfir. Mikil sérkennsla er vegna barna í fyrsta og öðrum flokki í Álfaheiði, rúmlega fimm stöðugildi á skólaárinu 2021-2022. Við teljum það ávinning fyrir börnin að leikskólakennarar sinni þeim stuðningi. Engin afleysing er hins vegar vegna undirbúningstíma þeirra, sem er miður. Við vekjum athygli á því að minna álag myndi skapast í leikskólanum ef leiðbeinendur sem ekki eiga undirbúningstíma sinntu daglegri sérkennslu umfram leikskólakennara sem eru til þess menntaðir, en það væri slæm þróun.

Vinnustytting og framkvæmd hennar hefur verið nokkur áskorun, þar sem ekki er afleysing vegna hennar og hverskyns fjarvera starfsmanna frá deild eykur álag. Stytting vinnuviku er þó kærkomin hvíld fyrir starfsmenn sem eru almennt mjög ánægðir með fyrirkomulag hennar.

Félag leikskólakennara og stjórnenda í leikskóla vann tillögur að aðgerðum til þess að bæta starfsaðstæður barna og starfsfólks í leikskólum. Vinnurými barna og fullorðinna var þar til umræðu. Nú er leikrými á hvert barn í Álfaheiði 3.3 fermetrar og eru borð, stólar og annar búnaður einnig í þessu rými, en vakin er athygli á því að ekki er gert ráð fyrir veru starfsmanna í fermetrafjöldanum.

Starfsfólk leikskólans hefur lagt á sig ómælda vinnu til að gera leikskólastarfið öruggt og ánægjulegt, oft á tíðum við erfiðar aðstæður. Auður hvers vinnustaðar er starfsfólkið sem þar vinnur og þakka ég mínu frábæra fólki fyrir vel unnin störf.

Nóvember 2021
Anna Rósa Sigurjónsdóttir

Höfundar: Anna Rósa Sigurjónsdóttir og Raket Ýr Isaksen

Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun leikskólans Álfheiði 2021-2022 er mjög metnaðarfull og framsækin.

Tekist hefur að halda skólastarfi í góðum skorðum þrátt fyrir áskoranir þjóðfélagsins vegna Covid-19, sem og styttingu vinnuvikunnar og aukins undirbúningstíma leikskólakennara. Börnin njóta þess hversu samheldinn og metnaðarfullur starfsmannahópurinn er.

Nýjungar í starfi eru innleiddar og breytingar eru gerðar í góðu samstarfi við foreldra og allt með hag barnanna að leiðarljósi.

Starfsáætlunin gefur góða mynd af því starfi sem nú þegar er unnið í leikskólanum Álfheiði og ánægjulegt að sjá framþróun í starfi sem nú þegar er gott. Það er starfsfólki og börnum til heilla.

Fyrir hönd foreldraráðs

Laufey Aðalsteinsdóttir og Jóhanna Berghild Hergeirsdóttir

6. des. 2021
Jóhanna B. Hergeirsdóttir